

ÁHRIF TÆMINGAR Á LÓNI OFAN ÁRBÆJARSTÍFLU Á FUGLALÍF

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR:	00074-010	DAGS.:	2020-10-20
VERKHLUTI:	02	NR.:	1
HÖFUNDUR:	Arnór Þórir Sigfússon	Útgáfa	1
RÝNT AF:	Þórhildi Guðmundsdóttur		
DREIFING:	Orkuveita Reykjavíkur		

Efni: Umsögn um áhrif tæmingar lóns við Árbæjarstíflu á fuglalíf

1 Inngangur

Óskað var eftir því í tölvupósti dags. 13. október 2020, frá Belindu Eir Engilbertsdóttur sérfræðingi lóða og lendna hjá Orkuveitu Reykjavíkur, að Verkís gæfi álit á hver gætu orðið áhrif tæmingar á lóni ofan Árbæjarstíflu á fuglalíf á svæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur þá stendur til að opna botnlokur stíflunnar varanlega í lok október þannig að áin renni sem næst í sínum upprunalega farvegi sitt hvorum megin við Blásteinshólma. Árbæjarstífla var byggð 1920-29 og nær hún yfir vestanverðan Blásteinshólma og yfir báðar kvíslar árinna. Botnlokur stíflunnar hafa verið opnaðar að vori undanfarin ár og lónið tæmt til að auðvelda göngur laxa upp ána. Um viku eftir að lónið tæmist hefur svo að sögn Belindu verið fyllt upp í lónið að norðanverðu með því að stífla nyrðri kvíslina en í syðri kvíslinni er botnloka opin svo fiskur geti gengið þar óhindrað um. Á haustin hefur svo verið fyllt upp í bæði lónin til að stýra vatnsrennsli um árnar að vetri og hindra að krap og ís stífli botnlokur. Þegar bæði lónin fyllast flæðir yfir þann hluta Blásteinshólma sem er næst stíflunni þannig að um eitt lón er að ræða.

Lónið hefur verið aðdráttarafl fugla og manna, en þangað sækja andfuglar, spörfuglar og máfar í brauðgjafir frá almenningi líkt og víðar við tjarnir á höfuðborgarsvæðinu, s.s. Reykjavíkurtjörn, Kópavogslæk, Hafnarfjarðarlæk og Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Við slíkar tjarnir eru fuglarnir gæfari en almennt gerist og fólk upplifir þá í návígi og hefur ánægju af nálægð þeirra. Brauðgjafirnar geta verið góð viðbót við náttúrulega fæðu fuglanna og nýst þeim vel, sérstaklega yfir hávetur þegar jarðbönn eru víða og erfitt fyrir grasbíta eins og grændur, álfir og sérstaklega grágæsir að komast í beit.

Verði botnlokurnar opnaðar varanlega mun áin renna um sinn náttúrulega farveg og lónið hverfa. Við þessa breytingu getur fiskur gengið óhindrað um farveginn og má ætla að það verði jákvæð breyting fyrir fiskistofna árinna. Andapollurinn sem þarna hefur verið mun hverfa og fuglum sem hafa sótt í brauðgjafir væntanlega fækka umtalsvert.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1999¹ er listi yfir líklega varpfugla í Elliðaárdal, en í þeirri athugun voru varpfuglar taldir á 15 stöðvum upp með ánni, frá ósi að upptökum. Í töflu 1 sem byggir á skýrslunni er listi yfir þessar varptegundir.

¹ Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Náttúrufræðingur með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðaavogur og Laugarnes. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur.* Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-99009. 73 bls. og gróðurkort



Tafla 1. Tafla yfir líklega varpfugla í Elliðaárdal.¹ Plúsar tákna algengni á talningastöðvum: + = strjáll, ++ = allalgengur og +++ = algengur. Plús innan sviga tákna líklegt en ekki staðfest varp og G = varp áður.

Tegund	Varp
Álft	+
Grágæs	+
Urtönd	+
Stökkönd	+
Skúfönd	+
Duggönd	(+)
Straumönd	+
Toppönd	+
Rjúpa	+
Tjaldur	+
Sandlóa	+
Heiðlóa	++
Hrossagaukur	+++
Jaðrakan	+
Spói	+
Stelkur	++
Sílamáfur	+
Kría	++
Þúfutittlingur	+++
Maríuerla	+
Steindepill	+
Skógarþröstur	+++
Hrafn	G
Stari	+
Auðnutittlingur	+

2 Vettvangsferð

Þann 19. október sl. var farin vettvangsferð að Árbæjarstíflu og upp með ánni þar fyrir ofan til að kanna fuglalíf á svæðinu. Byrjað var við stífluna og fuglar þar taldir. Álftapar var þar með einn unga, en álftapar hefur orpið reglulega í Blásteinshólma og líklegt er að um það þar sé að ræða. Mest áberandi voru stökkendur og voru 76 fuglar á lóninu þennan morgun. Líklegt er að stökkönd verpi í Blásteinshólma og víðar með ánni, en hún er þekktur varpfugl í Elliðaárdal.² Grágæsir voru á lóninu og í hólmanum, alls 12 fuglar og einnig voru þar 5 skúfendur. Bæði skúfönd og grágæs verpa í dalnum og mjög líklega í Blásteinshólma. Fjórir hettumáfar og einn stormmáfur voru þarna á sveimi en samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1999 eru þeir ekki taldir öruggir varpfuglar. Toppandarkolla og Gulandarkolla voru á lóninu, gulöndin lét sig reka með höfuð undir væng en toppöndin kafaði ört og var líklega að leita sér að sílum. Skoðað var upp með ánni að íþróttasvæði Fylkis en ekki sáust fleiri fuglar á ánni á þeim kafla.

² Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. Náttúrufræðingur með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-99009. 73 bls. og gróðurkort



Því næst var ekið upp að Elliðavatnsstíflunni og gengið niður með ánni að göngubrú norðan Breiðholtsbrautar. Skimað var með sjónauka frá göngubrúnni niður eftir ánni eins langt og sást. Á svæðinu ofan við Breiðholtsbraut sáust 28 stökkendur, af því helmingur rétt neðan við stífluna. Miðja vegu milli stíflu og Breiðholtsbrautar voru svo fimm gulendur, líklega kolla með fjóra unga. Hópur fimm grágæsa var á bakkanum nokkuð neðan við göngubrúna norðan Breiðholtsbrautar.

Gengið var meðfram ánni frá norðurenda skeiðvallar Fáks í Víðidal og niður fyrir gömlu brúna yfir ána þar nokkru norðar. Þar sást áin niður undir Árbæjarlaug. Engar endur sáust á þessu svæði, eingöngu skógarprestir á árbakkanum og í trjám meðfram ánni. Ekki var skoðaður neðri hluti árinna, en hann er almennt straumharðari og hentar því síður fyrir endur eins og stökkönd.

3 Umræða

Niðurstöður skoðunar í vettvangsferð voru í samræmi við það sem við mátti búast. Höfundur hefur áður komið að Árbæjarstíflu og séð fuglalífið þar, andahópa og álft með unga og að sumri á hreiðri í Blásteinshólma. Einnig fjölbreytt mannlífið við lónið en svæðið er vinsælt til útivistar og margir sækja þangað til að gefa fuglunum. Við lok vettvangsferðarinnar við lónið var þar einmitt kona að gefa fuglunum brauð af stíflunni auk þess sem þar var hópur leikskólabarna að virða fyrir sér fuglana (1. mynd).



Mynd 1. Hópur leikskólabarna á Árbæjarstíflu og kona í bakgrunninum að gefa fuglunum brauð. Myndin er tekin 19. október 2020 af Arnóri Þ. Sigfússyni.

Mestur fjöldi fugla var á lóninu við stífluna eins og búast mátti við en einnig var talsverður fjöldi stökkanda efst á ánni, við útfallið úr Elliðavatni. Talsverður hlutið þeirra hvíldist á árbakkanum en einhverjar teygðu sig til botns í lygnri ánni eftir fæðu. Gulendur voru bæði á lóninu, ein kolla og svo kolla með fjóra unga efst á ánni. Gulönd er ekki þekktur varpflugl á ánni en er árviss gestur þar. Gulöndin og toppöndin á lóninu við Árbæjarstíflu voru ekki að sækja í brauðið því þær eru fiskiendur og lifa á sílum og laxfiskaseiðum. Skúfendurnar sýndu brauðinu lítinn áhuga enda er aðalfæða þeirra hryggleysingjar s.s. smávaxin krabbadýr og mýlirfur sem líklegt er að sé að finna í lóninu.

Við það að botnlokur Árbæjarstíflu verða opnaðar varanlega í lok október 2020 þá mun áin færast nær upprunalegu horfi, áður en áin var virkjuð. Áfram verður hægt að miðla rennsli til hennar með Elliðavatnsstíflu. Lónið mun því hverfa og líklegt að öndum fyrir ofan stíflu muni fækka nokkuð og þær leita annað, sérstaklega ef einnig dregur úr brauðgjöfum þegar lónið hverfur. Á myndum frá Orkuveitu Reykjavíkur (2. mynd) má þó sjá að enn er nokkuð af fugli í farveginum eftir að hleypt hefur verið úr lóninu að vori. Fuglalíf ofan lónsins ætti að verða nær ósnortið af breytingunni að öðru leyti en því að mögulega munu fuglar af lóninu leita upp með ánni og þeim fjölga á efsta svæðinu neðan Elliðavatnsstíflu. Neðan Árbæjarstíflu gætu orðið breytingar hluta úr ári þar sem miðlun og jöfnun




rennslis með Árbæjarstíflu nýtur ekki lengur við. Ekki er þó líklegt að um umtalsverð áhrif verði á þéttleika eða fjölda fugla á ánni neðan stíflunnar. Magn lífræna efna kann að minnka eitthvað því í lóninu gætir stöðuvatnsáhrifa í kyrru vatninu og þar getur botngróður náð betri festu og framleiðni verið meiri en í straumvatni. Rek lífræns efnis úr lóninu getur því aukið framleiðni árbotns, sérstaklega næst lóninu sem aftur nýtist stofnum fiska og fugla eins og straumönd sem lifir mest á bitmýslirfum.



Mynd 2. Farvergur nyrðri kvíslar ofan við Árbæjarstíflu eftir að botnlokur hafa verið opnaðar. Myndin er tekin af Belindu Eir Engilbertsdóttur þann 27. apríl 2020.

Búast má við því að margir íbúar í nágrenninu og fólk sem leitar í Elliðaárdalinn til útivistar muni sakna lónsins og fuglanna þar. Bæði að sjá þá og einnig að njóta þess að gefa þeim. Til að koma til móts við þann hóp fólks sem mun sakna lónsins sem andapolls mætti reisa smá upphækkun meðfram árbakkanum og mynda þannig litla tjörn í norðvestur krika núverandi lóns (sjá mynd 3.). Hægt væri að leggja pípu með vatnsbakkanum upp með ánni og taka vatn úr henni þannig að sjálfrennsli verði úr ánni í tjörnina. Vatnshæð tjarnarinnar má svo stýra með frárennsli úr henni aftur í ána. Þannig væri vatn leitt í gegnum tjörnina án þess að hafa mikil áhrif á rennsli árinna. Tjörnir myndi ná yfir hluta af núverandi botni lónsins þannig að ekki er verið að skerða bakkagróður eða votlendi á bakka lónsins. Reyndar gæti svona tjörn viðhaldið votlendinu á norðurbakka lónsins því hætt er við að þegar vatnsborð árinna lækkar varanlega þá muni það dreina votlendið á bakkanum og þar gæti gróður breyst með tímanum og mögulega búsvæði einhverra vaðfugla, s.s. hrossagauks og stelks. Æskilegt hefði verið að tjörnir væri gerð um leið og hleypt væri úr lóninu til að halda í lífríki í botni lónsins. Ólíklegt er þó að það takist sökum þess hve stuttur fyrirvari er þar til hleypt verður úr lóninu og líklegt að afla þurfi tilskilinna leyfa og hanna tjörnina og rennsli úr og í hana. Æskilegt er samt að sem skemmstur tími líði áður en ráðist væri í slíka framkvæmd til að lágmarka áhrif á lífríki botns og lóns.



Mynd 3. Hugmynd að myndun tjarnar á bakka árinna eftir að botnlokur hafa verið opnaðar. Bláa línan sýnir mögulega hækkun á bakkanum til að halda vatni norðan við og mynda tjörn. Myndin er tekin af Borgarvefsjá.



Mynd 4. Horft upp eftir ánni eftir að hleypt var úr lóninu síðastliðið vor. Leirborna svæðið upp af árbakkanum er botn lónsins og það svæði sem gæti myndað botn tjarnar á bakkanum. Myndin er tekin af Belindu Eir Engilbertsdóttur þann 27. apríl 2020.



Tjörn á bakkanum yrði grunn og myndi því skapa minni hættu ef einhver fellur í hana en núverandi lón. Líklegt er að tjörninn frjósi og rennslið í hana að vetri nema ráðstafanir verði gerðar til að halda rennsli opnu og um leið vök í tjörninni sem andfuglar myndu þá sækja í. Slíkt er þó ekki nauðsynlegt og hægt að leyfa tjörninni að frjósa.

Ef hleypt verður úr lóninu og botnlokur opnaðar varanlega þá mun líklega hætta að renna meðfram stíflunni milli kvíslanna. Ef þornar við stífluna þá skapast hætta á að menn og ekki síður kettir komist með auðveldari hætti en áður í Blásteinshólma. Þar er líklegt að sé mikið varp fugla og umferð manna og katta um hólmann á varptíma gæti haft þar veruleg neikvæð áhrif. Því verður að tryggja það að ekki sé greið leið fyrir menn og ketti af stíflunni þegar vatnsborð ofan hennar lækkar varanlega.